



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
29. mars 2019

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Annar ársfjórðungur 2019

- Á öðrum ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 8-12 ma.kr. að söluvirði¹.
- Áformað er að gefa út í flokkunum RIKS 21 0414, RIKS 26 0216 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2019 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrsta ársfjórðungi var samtals 10,8 ma.kr. að söluvirði. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á fyrsta ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr	
	Hámark	Raun
RIKB 25 0612	5	4,4
RIKS 26 0216	12	6,4
Samtals		10,8

Þann 26. febrúar var á gjalddaga RIKB 19 0226 fyrir um 48 ma.kr. en undanfarna mánuði hafði verið unnið að því að minnka stærð flokksins til að draga úr endurfjármögnunaráhættu ríkissjóðs.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á öðrum ársfjórðungi er áætluð á bilinu **8-12 ma.kr.** Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á öðrum ársfjórðungi 2019

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKS 21 0414	4
RIKS 26 0216	8
RIKB 28 1115	10

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.